199. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í gegnum Zoom

Föstudaginn 26. janúar 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:00*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Ákvörðun um skiptingu framlags ríkisins til kirkjugarða árið 2024 og einingarverð vegna greiðslu umhirðu- og grafarkostnaðar.* Smári kynnti meðfylgjandi minnisblað um tillögur Kirkjugarðasambandsins til Kirkjugarðaráðs um skiptingu fjárframlags 2024 og einingaverð. Framlag ríkisins er alls kr. 1.488.100.000 í ár og hækkaði um 119 m.kr. frá fyrra ári vegna fjölgunar greftrana og fermetra. Kirkjugarðasambandið leggur til að 77,6% sé varið í fastan kostnað, 17,2% í grafir, 5,2% í bálfarir og 8% í Kirkjugarðasjóð. Alls er gert ráð fyrir kr. 1.369.052.000 til úthlutunar til kirkjugarða. Lögð er til 26% hækkun grafargjalda frá síðasta ári. Tillaga Kirkjugarðasambandsins var samþykkt af Kirkjugarðaráði.
   Ingvar lagði fram eftirfarandi bókun við fundarliðinn: *Kirkjugarðar Reykjavíkur benda á að það endurgjald sem Kirkjugarðar Reykjavíkur fá til reksturs bálstofu dugar ekki til rekstur bálstofunnar. Ráðist var í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir á ofnunum á síðasta ári sem að hluta til verða einnig á árinu 2024. Kirkjugarðarnir benda jafnframt á að fjöldi bálfara hefur aukist á undanförnum árum og hefur kostnaður aukist samfara því. Greiðsla fyrir hverja bálför er umtalsvert lægri en í nágrannalöndum Íslands. Óskað er eftir styrk úr Kirkjugarðasjóði til þess að koma til móts við viðhalds framkvæmdir á bálstofunni á árinu 2024*.
3. *Staðan á starfslýsingu nýs framkvæmdastjóra ráðsins.* Ingvar mun senda drög að starfslýsingu fyrir næsta fund Kirkjugarðaráðs sem haldinn verður í febrúar.
4. *Kirkjudagur í Kjalarnesprófastsdæmi 27. janúar n.k. – Málstofa um málefni kirkjugarða.* Sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi sér um skipulag Kirkjudagsins sem haldinn verður laugardaginn 27. janúar í Keflavíkurkirkju. Hann hafði samband við Guðmund Rafn og óskaði þess að haldin verði málstofa um málefni kirkjugarða á Kirkjudeginum með svipuðu sniði og námskeið sem haldið var í félagsheimilinu Breiðabliki á Snæfellsnesi þann 7. júní sl. Guðmundur Rafn og Smári munu verða við þeirri ósk og standa fyrir klukkustundarlangri málstofu í Keflavík. Alls hafa 16 skráð sig til þátttöku.

5. *Fyrirspurn frá dómsmálaráðuneytinu varðandi breytingar á 25.gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.* Lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti hafði samband við Ragnhildi til að kanna afstöðu Kirkjugarðaráðs til tillögu um breytingu á 25. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Tillaga er gerð um að lengja rétt til grafarstæða úr 50 árum í 70 ár. Kirkjugarðaráð sýnir þeim tilfinningalegu rökum sem kunna að liggja að baki tillögunni fullan skilning, sér í lagi þegar slík viðbót gagnast fólki sem misst hefur ungt barn. Ráðið bendir jafnframt á að ekki þurfi að binda 70 ára rétt í lög, þar sem skilningurinn sé sá að núgildandi 50 ára réttur vísi til lágmarkstíma. Þ.e. að stjórn hvers kirkjugarðs er heimilt að taka frá grafarstæði til lengri tíma en til 50 ára komi fram slík ósk. Mögulega mætti árétta þessa heimild til lengingar rétts til grafarstæða í lögum fremur en að hækka lágmarkið. Kirkjugarðaráð áréttar einnig mikilvægi þess að gerðar verði breytingar á kirkjugarðalögum sem lengi hefur verið kallað eftir, m.a. sem snúa að líkhúsmálum.
6. *Kynning á náms- og kynnisferð kirkjugarðaráðs til Noregs.* Samþykkt að fresta kynningu til febrúarfundar.
7. *Næsti fundur.* 200. Fundur Kirkjugarðaráðs, sem jafnframt er úthlutunarfundur Kirkjugarðasjóðs, verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar kl. 10:00. Guðmundur Rafn mun kanna hvort mögulegt sé að halda fundinn í Hannesarholti.
8. *Önnur mál.* Smári og Ingvar munu senda dómsmálaráðuneyti tölvupóst og leita svara við því hvort til standi að breyta kirkjugarðalögum á þann veg að leysa megi fjármögnunarvanda líkhúsa.

Fundi var slitið kl. 11:55.